

Auka fundur sveitarstjórnar Eyja- og Miklaholtshrepps, haldinn að Breiðabliki þriðjudaginn 20. ágúst 2024 klukkan 20:00.

Mætt eru: Veronika G. Sigurvinsdóttir, Herdís Þórðardóttir, Þröstur Aðalbjarnarson, Guðbjörg Gunnarsdóttir og Sigurbjörg Ottesen, sem ritar fundargerð.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Oddviti leitaði afbrigða á dagskrá fundarins og óskaði eftir því við fundarmenn að bæta einum lið við dagskrá fundarins og verður það þriðja mál á dagskrá.

Samþykkt af öllum sveitarstjórnarmönnum.

Eftirfarandi var tekið fyrir:

1. Reglur Eyja- og Miklaholtshrepps varðandi skólavist utan gildandi þjónustusamnings Oddviti lagði til breytingar á núverandi reglum sveitarfélagsins varðandi skólavist utan gildandi þjónustusamnings. Eins lagði oddviti fram drög að reglum er snúa að leikskólabörnum sem að óskað er eftir leikskólavist fyrir utan gildandi þjónustusamnings.

Reglur Eyja- og Miklaholtshrepps varðandi grunnskólavist utan gildandi þjónustusamnings samþykktar samróma í sveitarstjórn og taka nú þegar gildi.

Reglur Eyja- og Miklaholtshrepps varðandi leikskólavist utan gildandi þjónustusamnings samþykktar samróma í sveitarstjórn og taka nú þegar gildi.

2. Erindi frá Sveinbjörgu Zophoníasdóttur og Jóni Ásgrímssyni Afgreiðslu málsins var frestað á síðasta fundi sveitarstjórnar.

Í erindi sínu óska Sveinbjörg og Jón eftir því að greitt verði með tveimur leikskólabörnum til Borgarbyggðar.

Sveitarstjórn samþykkir erindið með tilvísan í nýsamþykktar reglur varðandi leikskólavist utan gildandi þjónustusamnings við Sveitarfélagið Stykkishólm.

Oddvita falið að svara erindinu.

3. Fyrirkomulag skólaaksturs
Umræður um fyrirkomulag skólaaksturs.

Oddvita falið að vinna að útfærslu á skólaakstri í samráði við skólastjóra Grunnskóla Stykkishólms.

Fleira var ekki gert. Fundargerð upplestin og samþykkt. Fundi slitið kl. 20:55.

Herdís Þórðardóttir – sign
Guðbjörg Gunnarsdóttir – sign
Veronika G. Sigurvinsdóttir – sign
Þröstur Aðalbjarnarson – sign
Sigurbjörg Ottesen – sign